

Mánudaginn 16. júní 1958.

Nr. 134/1957. **Aðalsteinn Jósefsson**

(Vilhjálmur Jónsson hrl.)

gegn

Ágústi Sæmundssyni og Rögnu J. Jónsdóttur

(Jóhann Steinason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1957, gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmd að greiða honum 7.107.88 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur bifreiðarstjórinn í R 3172, Hafsteinn Þorbergsson, komið fyrir dóm og borið vætti í málinu. Skýrir hann svo frá, að sér hafi virzt bifreiðin R 4235 vera að nema staðar, er hún var komin nálægt Suðurlandsbraut, en þá kveðst hann hafa verið kominn mjög nærri gatnamótum Seljalandsvegar og Suðurlandsbrautar. Segist hann þá hafa sveigt frá vinstri vegarbrún og sleppt augunum af R 4235. Leit hann ekki til hennar aftur, fyrr en hann varð árekstursins var. Telur hann, að R 4235 hafi þá verið kominn hálf inn á Suðurlandsbraut. Kveður hann hana hafa lent aftan til á vinstri frambretti R 3172 og síðan beyglað þá hlið bifreiðarinnar aftur úr.

Þá hefur stefnda Ragna J. Jónsdóttir, sem stýrði bifreiðinni R 4235, komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína, þá er í héraðsdómi greinir. Hún kveðst hafa numið staðar „eitt augnablik“, til þess að koma vél bifreiðarinnar í fyrsta gangstig, áður en hún ók inn á Suðurlandsbraut. Hraða R 3172 telur hún hafa verið meiri en 30—35 km. á klst., en treystir sér ekki til að áætla hann nánar. Hún kveðst ekki hafa fylgzt

með ferðum þeirrar bifreiðar, eftir að hún skipti vélinni í fyrsta gangstig og beygði inn á Suðurlandsbraut.

Af skýrslum þessum er ljóst, að stefnda Ragna ók í umrætt skipti bifreiðinni R 4235 af Seljalandsvegi inn á Suðurlandsbraut, sem er aðalbraut, eftir að hafa séð til ferða R 3172 og án þess að veita henni frekari athygli fyrr en bifreiðarnar rákust á. Á hún því meginsök á árekstrinum. Á hinn bóginn þykir einnig nokkuð hafa skort á nauðsynlega varkárni af hálfu ökumanns R 3172, er hann hugaði ekki frekar að bifreiðinni R 4235, eftir að honum virtist hún vera að nema staðar. Hlaut hann þó að hafa aðstöðu til að sjá, að hún hélt áfram leiðar sinnar inn á Suðurlandsbraut. Þá var honum og unnt að sveigja meir frá vinstri vegarbrún en raun bar vitni, þar eð vegurinn er breiður og engin önnur umferð var þá á honum, en R 4235 virðist hafa verið ekið hægt inn á veginn. Þykir hæfilegt að skipta sök þannig, að stefnda Ragna beri $\frac{3}{4}$ hluta hennar, en ökumaður R 3172 einn fjórða hluta.

Fjárhæð tjónbóta vegna skemmda á bifreiðinni R 3172, kr. 5.067.88, er viðurkennd af stefndu, en krafa áfrýjanda um kr. 120.00 bætur á dag fyrir afnotamissi bifreiðarinnar hefur sætt andmælum. Áfrýjandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að bifreiðin hafi á þessum tíma verið notuð sem leigubifreið til fólksflutninga, og hefur vitnið Hafsteinn Þorbergsson staðfest, að svo hafi verið. Hefur þessu ekki verið mótmælt. Þykir því bera að taka að fullu til greina kröfu áfrýjanda um kr. 120.00 bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar á dag í 17 daga, samtals kr. 2.040.00.

Samkvæmt framanskráðu ber stefndu að greiða áfrýjanda $\frac{3}{4}$ af kr. 7.107.88 (kr. 5.067.88 + kr. 2.040.00), þ. e. kr. 5.330.91, ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 18. júlí 1955 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Stefndu, Ágúst Sæmundsson og Ragna J. Jónsdóttir,

greiði áfrýjanda, Aðalsteini Jósefssyni, kr. 5.330.91 auk 6% ársvaxta frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og samtals kr. 3.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Jónatans Hallvarðssonar og Þórðar Eyjólfsssonar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

Hafsteinn Þorbergsson, sem ók bifreiðinni R 3172, hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína um, að hann hafi ekið vestur Suðurlandsbraut á 30—35 km. hraða miðað við klst. Hann kveðst hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 4235, er hún kom eftir Seljalandsveginum, og virtist honum, að hún væri að stöðvast við vegamótin. Hafi hann því ekið áfram, en sveigt jafnframt inn á veginn.

Stefnda Ragna Jónsdóttir hefur einnig komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Hún kveðst hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 3172, en talið sig hafa tíma til að beygja inn á Suðurlandsbraut, áður en hana bæri að. Kveðst hún hafa numið staðar augnablik við vegamótin til þess að koma vélinni í fyrsta ganghraðastig og ekið síðan inn á Suðurlandsbrautina, en ekki hafi hún fylgt með ferðum R 3172, eftir að hún hafði skipt um ganghraðastig og fór að beygja inn á Suðurlandsbraut. Í skýrslu til lögreglunnar kvaðst hún ekki geta sagt um hraða R 3172, en er hún kom fyrir dóm, taldi hún hraðann hafa verið yfir 35 km. miðað við klst., án þess að geta áætlað hann nánar.

Það er viðurkennt af Rögnu Jónsdóttur, að hún hafi numið staðar við vegamótin, eins og bifreiðarstjóri R 3172 taldi sig hafa séð, en ekið síðan inn á aðalbrautina, án þess að fylgjast þá með ferðum R 3172, sem þá hlýtur að hafa verið komin nálægt vegamótunum. Bifreiðarstjóri R 3172 hafði ástæðu

til að ætla, að ökumaður R 4235 hefði stöðvað bifreið sína í því skyni að bíða, meðan bifreiðin á aðalbrautinni æki fram hjá. Og með því enn fremur, að engar sönnur eru komnar fram fyrir því, að bifreiðinni R 3172 hafi verið ekið of hratt eða með öðrum hætti ótilhlýðilega eftir aðstæðum, þá verður ökumanni hennar ekki gefin nein sök á árekstrinum, og ber stefndu því að bæta tjón áfrýjanda að fullu.

Fyrri kröfuliður áfrýjanda, þ. e. viðgerðarkostnaður, kr. 5.067.88, er viðurkenndur, eins og í héraðsdómi getur. Síðari kröfuliðurinn, kr. 2.040.00, fjallar um bætur fyrir atvinnutjón. Þykir honum í hóf stillt. Stefndu ber því að greiða áfrýjanda samtals kr. 7.107.88 með vöxtum, eins og krafizt er.

Samkvæmt þessu ber stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 3.500.00.

Dómsorð okkar verður þannig:

Stefndu, Ágúst Sæmundsson og Ragna Jónsdóttir, greiði in solidum áfrýjanda, Aðalsteini Jósefssyni, kr. 7.107.88 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. júní 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. þ. m., hefur Aðalsteinn Jósefsson, Akurgerði 17, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. marz 1957, gegn Ágústi Sæmundssyni og Rögnu Jónsdóttur, báðum til heimilis að Seljalandsvegi 14, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 7.107.88 auk 6% ársvaxta frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega.

Vátryggingarfélaginu h.f., hér í bæ, hefur verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Mánudaginn 18. júlí 1955, rétt fyrir kl. 21,30, varð árekstur

á Suðurlandsbraut hér í bænum við mót hennar og Seljalandsvegar, hliðargötu, er liggur að Suðurlandsbraut frá suðri. Rákust þar saman tvær fólksflutningabifreiðar, R 3172, eign stefnanda, og R 4235, eign stefnda Ágústs.

Bifreið stefnanda ók í umrætt sinn Hafsteinn Þorbergsson. Skýrir hann svo frá, að hann hafi ekið vestur Suðurlandsbraut á 30—35 km hraða, miðað við klukkustund. Er hann nálgast umgetin gatnamót, hafi hann séð til ferða R 4235 og hafi sér virzt bifreiðin vera að nema staðar. Hafi hann því ekið áfram. Hann „vissi svo ekki fyrr“ en R 4235 rakst á bifreið þá, er hann ók, framan til vinstra megin. Kveður hann þetta hafa komið sér svo óvart, að fát hafi komið á sig, og því hafi hann ekki hemlað fyrr en hann var komin talsverðan spöl frá gatnamótunum.

Stefnda Ragna ók R 4235 í umrætt sinn. Skýrir hún svo frá, að hún hafi ekið eftir Seljalandsvegi að Suðurlandsbraut. Hún hafi séð til ferða R 3172, en sér hafi virzt bifreið þessi svo langt í burtu, að hún hefði tíma til að beygja inn á Suðurlandsbraut, áður en hún kæmi að gatnamótunum. Hafi hún því ekið áfram á mjög hægri ferð í fyrsta ganghraðastigi og sveigt bifreið sinni til vinstri inn á Suðurlandsbraut, en skyndilega hafi áreksturinn orðið. Kveðst hún þá samstundis hafa hemlað og bifreiðin stöðvazt, eins og framlagður uppdráttur af árekstursstaðnum sýnir.

Ekki er vitað um sjónarvotta að árekstri þessum, en skömmu eftir að hann var afstaðinn komu löggæzlumenn á vettvang, og gerði einn þeirra uppdrátt af árekstursstaðnum. Samkvæmt honum er Suðurlandsbraut tæpir 11 metrar á breidd á þessum slóðum. Þar af er sjálf akbrautin, sem er malbikuð, 6½ meter á breidd, en með fram henni beggja megin eru malbornir stígar, ætlaðir gangandi vegfarendum, og er hvor stígur um 2 metrar á breidd. Á uppdrættinum er árekstursstaðurinn sýndur rétt vestan við vesturmörk gatnamótanna, yzt á vinstra helmingi hinnar malbikuðu akbrautar, miðað við akstursstefnu bifreiðanna. Samkvæmt uppdrættinum hefur R 4235 numið staðar eftir áreksturinn 2—3 metra vestan við árekstursstaðinn, yzt á sínum vinstra götuhelmingi, en eigi sést, hvar bifreið stefnanda hefur staðnæmzt. Hins vegar er þess getið á uppdrættinum, að hún hafi numið staðar á akbrautinni í 30½ meters fjarlægð frá R 4235.

Uppdráttur þessi, sem borinn hefur verið undir ökumenn beggja bifreiðanna, hefur verið véfengdur.

Samkvæmt skýrslu löggæzlumanna urðu þær skemmdir á bif-

reið stefnanda við áreksturinn, að öll vinstri hlið bifreiðarinnar beyglaðist. Í skýrslunni er skemmda á bifreið stefnda Ágústs getið þeirra, að hægri framaurlíf og ljóskef hafi beyglazt. Jafnframt þeim skemmdum kveður stefnda Ragna, að leki hafi komið að kælivatnskassa bifreiðarinnar við áreksturinn.

Dómarinn hefur farið á árekstursstaðinn og kynnt sér staðhætti þar.

Kröfu sína í málinu reisir stefnandi á því, að stefnda Ragna hafi átt alla sök á árekstrinum. Beri því hún og eigandi bifreiðarinnar, meðstefndi Ágúst, fulla fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi beið við áreksturinn.

Stefndu reisa sýknukröfuna á því, að bifreið stefnanda hafi verið ekið á geysilegum hraða. Hefði þeirri bifreið verið ekið á löglegum hraða, hefði R 4235 haft nægan tíma til að aka inn á Suðurlandsbraut. Skýring ökumanns R 3172 á því, hvers vegna bifreið hans nam ekki staðar fyrr en svo fjarri árekstursstaðnum, sem raun varð á, sé bersýnilega röng og sett fram til að dylja þá staðreynd, að hann ók á ofsahraða.

Suðurlandsbraut er aðalbraut í merkingu 7. gr. 2. mgr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941. Leiðir af því, að farartækjum, sem koma eftir hliðargötum, er að henni liggja, ber að vikja fyrir umferð um hana. Þetta vanrækti stefnda Ragna, og má að nokkru rekja áreksturinn til þess gáleysis hennar. Á hinn bóginn er ekki annað fram komið en að stefnda Ragna hafi verið byrjuð að beygja bifreið sinni inn á Suðurlandsbraut, er bifreið stefnanda bar að og áreksturinn varð, svo sem hún staðhæfir. Þykir því sýnt, að bifreið stefnanda hafi haft nóg svigrúm til að komast klakklaust fram hjá henni, hefði maður sá, er henni ók, ekið á hóflegum hraða og sýnt að öðru leyti fulla aðgát í akstri sínum, þar sem akbrautin var vel breið þarna og akstursskilyrði góð, en engin farartæki komu á móti, að því er séð verður.

Með hliðsjón af öllum atvikum, þykir rétt að líta svo á, að hvor ökumannanna hafi átt sök á árekstrinum að helmingi. Ber því stefnda Ragna sem ökumaður R 4235 í umrætt sinn og stefndi Ágúst sem eigandi bifreiðarinnar fébótaábyrgð að hálfu á tjóni því, er stefnandi telst hafa beðið við áreksturinn.

Kröfu sína í málinu sundurliðar stefnandi þannig:

1. Kostnaður við viðgerð á R 3172 kr. 5.067.88
2. Atvinnutjón í 17 daga — 2.040.00

Samtals kr. 7.107.88

Um 1.

Fjárhæð þessa kröfuliðs er ekki véfengd. Verður hann því lagður til grundvallar óbreyttur.

Um 2.

Stefndu mótmæla kröfulið þessum sem of háum, en véfengja hins vegar ekki, að viðgerð á bifreið stefnanda hafi tekið 17 daga.

Stefnandi heldur því fram, að bifreið sín hafi á þessum tíma verið notuð sem leigubifreið til mannflutninga, en því er ákveðið mótmælt af hendi stefndu. Hefur stefnandi þessu til styrktar lagt fram yfirlýsingu frá réttargæzlustefnda þess efnis, að bifreiðin hafi verið váttryggð sem slík á þessum tíma. Reiknar hann tjón sitt vegna afnotamissis kr. 120.00 á dag.

Gegn mótmælum stefndu verður ekki talið, að stefnandi hafi leitt að því haldbær rök, að bifreið hans hafi verið notuð sem leigubifreið til mannflutninga á umgetnum tíma. Er því ekki unnt að taka kröfulið þenna til greina að fullu. Hins vegar þykir stefnandi eiga rétt á nokkrum bótum samkvæmt honum. Þykja þær, miðað við tímann, sem tók að gera við bifreiðina, hæfilega ákveðnar kr. 800.00.

Samkvæmt framansögðu telst tjón stefnanda nema alls kr. 5.867.88 (kr. 5.067.88 + kr. 800.00). Verða stefndu dæmd til að greiða honum helming þeirrar fjárhæðar eða kr. 2.933.94 auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 650.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndu, Ágúst Sæmundsson og Ragna Jónsdóttir, greiði stefnanda, Aðalsteini Jósefssyni, kr. 2.933.94 auk 6% árs-vaxta frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og kr. 650.00 í máls-kostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að við-lagðri aðför að lögum.
